

innar hefir hans hátign konunginum þóknast allramildilegast 16. þ. m. að veita prestaskólakandidat Birni Þorlákssyni leyfi til að láta vígjast til prests, þegar hann sè orðinn 23 ára að aldri.

1873.
25. oktbr.

Um leið og þetta verður yður hærmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörð það, mælist stjórnarráðið til, að þér sjáið um, að meðfylgjandi leyfisbréf verði fengið fyrnefndum Birni Þorlákssyni í hendur.

85. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um prestsvígslu skólalærisveins.

25. oktbr.

Útaf bænarskrá nokkurri, þar sem fyrrum lærisveinn við hinn lærða skóla í Reykjavík, Jón Bjarnason frá Straumfirði, sem hefir gengið undir fyrra hluta burtfararprófs við nefndan skóla, á ný hefir sókt um, að hann megi vígjast til prests, og sækja um eitthvert hinna lókustu brauða á Íslandi, þótt hann eigi hafi gengið undir eða treysti sèr til að ganga undir próf þau, sem að lögum eru skilyrði fyrir því, sem hann hefir sókt um, hafið þér, herra landshöfðingi, um leið og þér vísið til þess, sem þér sem stiptamtmaður áður hafið látið í ljósi um líka bænarskrá frá hinum sama, í bræfi, dagsettu 27. dag ágústm. þ. á., lagt til, að leyfi það, sam sókt er um, verði útvegað, en samt með því skilyrði, að sækjandi gangi undir og standist próf í prestlegri guðfræði, sem biskupinn segir fyrir um og heldur, áður en honum verði leyft að vígjast til prests.

Útaf þess gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að stjórnarráðið, eins og þegar hefir verið sagt í bræfi 24. júní 1871¹, verður að álíta það mjög ísjárvert, að láta nokkurn fá embætti í andlegri stètt, sem ekki hefir fullnægt þeim

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 191.

1873.

25. oktr.

hægu skilyrðum, að svo má kalla, er útheimtast til mentunar og lærdóms íslenzkra presta. Eins og getið er í fyrnefndu bræfi má þetta að áliti stjórnarráðsins ekki eiga sér stað, nema standi mjög sérstaklega á; en það er hvorttveggja, að málavextir hér eru ekki svo, og að það sérilagi ekki getur verið bót í máli, að mörg af hinum lakari brauðum nú standa óveitt, sökum þess að engir eru til að sækja um þau, og að eigi verður tekið tillit til þeirra atriða, sem snerta þann sjálfan, sem í hlut á, svo sem að hann sé efnalítill og þvúmlíkt, enda verður að gá að því, að ef veitt væri undanþága frá hinum almennu skilyrðum fyrir því, að fá brauð á Íslandi, þá mundi það svo mjög rýra þýðingu prestaskólans.

Samkvæmt þessu verður stjórnarráðið framvegis að álíta það ísjárvert, að útvega sækjandanum leyfi það, sem nú var æskt.

25. oktr.

86. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um skipti á kirkjueign og bændaeign.

Eftir að hingað hafði borizt bréf yðar, herra landshöfðingi, 24. ágúst þ. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegulegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar, þóknast 16. þ. m. allramildilegast að fallast á, að ítak nokkurt á hinum svonefndu Hólsfjöllum, sem nefnist Norðurmélur, og sem er eign Skinna- staða prestakalls í Þingeyjarsýslu í norður og austurumdæmi Íslands, megi fara í jarðaskipti fyrir 3 hundruð í jörðinni Leifstöðum í Axarfirði, sem Kristján hreppstjóri Jóhannsson á Hóls-seli er eigandi að, og þau hús, sem fylgja tæðum jarðarparti, en samt skal tekið svo til orða í bræfi því, sem út mun verða gefið af hálfu prestakallsins um landaskipti þessi, að tæð presta-